

Fundur stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls haldinn á Teams þriðjudaginn 7. mars 2023 kl. 7:45.

Mættir eru:

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Flóahrepps
Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps
Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps
Iða Marsibil Jónsdóttir, sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps
Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri Bláskógabyggðar
Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar
Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Bjarni H. Ásbjörnsson, varaoddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Aldís Hafsteinsdóttir.

Formaður, Hulda Kristjánsdóttir, setti fund og stjórnáði.

1. Ráðning deildarstjóra skólalæknis.

Ása Valdís fór yfir ráðningarferilinn en hún og Haraldur Þór héldu utan um þá vinnu í samvinnu við Hagvang. Staðan var auglýst um miðjan febrúar. Sex umsækjendur uppfylltu kröfur er gerðar voru til umsækjenda og þrír voru teknir í lokaviðtal. Greinargerð Hagvangs varðandi ferilinn og hæfni umsækjenda fylgdi fundargögnum. Stjórnin fór vandlega yfir fyrirbyggjandi gögn. Ása og Haraldur fóru yfir þá vinnu sem fram hefur farið varðandi ráðningarferlið, viðtöl, yfirferð gagna og könnun umsagna og þar með almenna hæfni umsækjenda til að gegna stöðunni.

Eftir að hafa metið ýtarlega fyrirbyggjandi gögn þá er það niðurstaða stjórnar að Gunnlaugu Hartmannsdóttur, skólastjóra Flóaskóla, verði boðið starfið. Stjórn samþykkir að fela Ásu og Haraldi að ganga frá ráðningunni í samræmi við umræður á fundinum.

Róbert Ragnarsson, Bryndís Gunnlaugsdóttir og Freyja Sigurgeirsdóttir frá KPMG mættu til fundarins ásamt Anný Ingimarsdóttur kl. 8:25.

2. KPMG niðurstaða.

Bryndís fór yfir þá vinnu sem nú er í gangi varðandi breytingar á samningum og þeim skráningum sem nauðsynlegar eru til að breytt þjónusta geti tekið til starfa af fullum krafti. Freyja fór yfir stöðuna á umsókn um undanþágu frá lögum um stærð barnaverndarsvæða en ekki er talið að það verði vandkvæði á því að fá þá undanþágu. Róbert fór yfir framhaldið og mikilvægi þess að starfsmenn fái tækifæri til að lenda í sínum störfum. Hann leggur til að frekar stefnumótun verði þá framhaldið með vorinu og síðla sumars. Starfsmenn KPMG leiddu síðan stjórn í samtali um það hvaða lærdóm megi draga af ferlinu öllu og hvaða reynslu við getum nýtt okkur við framtíðar uppbyggingu þjónustunnar. Hvað hefur gengið vel og hvað við hefðum getað gert betur.

Stjórn sammála um að verkefnið hefur verið ákveðið lærdómsferli en gengið fram á vonum, þrátt fyrir að hafa tekið mjög skamman tíma.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl.08:55.